

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-raskaður. Hinum kærða, Þorsteini Gíslasyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og tilvísningu- til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 36/1891:

Ólafur Þórðarson

gegn

Lárusi Bjarnason

fyrir hönd O. S. Endresens.

D ó m u r:

Sök þessa höfðaði yfirrjettarmálaflutningsmaður Lárus Bjarnason fyrir hönd bakara O. S. Endresens gegn verzlunarmanni Ólafi Þórðarsyni fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar út af viðskiptaskuld að upphæð 80 kr., og var málið dæmt í bæjarþingsrjettinum 12. nóv. f. á. þannig, að Ólafur Þórðarson skyldi greiða Lárusi Bjarnason fyrir hönd O. S. Endresens 80 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi (eða 4. ágústmán. f. á.) til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefur Ólafur Þórðarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefni 12. des. f. á., og gjört þá rjettarkröfu, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og hinn stefndi dæmdur til að greiða

allan málskostnað fyrir undirjetti og yfirdómi. — Hinn stefndi Lárus Bjarnason hefur af sinni hálfu sem umboðsmaður O. S. Endresens krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, að nokkur ummæli áfrýjanda í sóknarskjölum hans verði dæmd ómerk og hann sektaður fyrir þau, og að hann ennfremur verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, hefur hinn stefndi fyrir bæjarþingsrjettinum gjört nægilega grein fyrir heimild sinni til málshöfðunarinnar, og um þrætu-efnið sjálft hefur sátt verið reynd á lögskipaðan hátt; það er því eigi ástæða til þess, ex officio, að dæma bæjarþingsdóminn ómerkan fyrir þessa skuld, og heimvísa málinu frá undirjettinum, en þessu hefur áfrýjandi hreyft í sóknarskjölum sínum, nje heldur getur áfrýjandi orðið sýknaður fyrir það, að stefnda hafi brostið nægilegt umboð.

Skuldarkrafa stefnda á hendur áfrýjanda stafar af verzlunarviðskiptum bakara O. S. Endresens og áfrýjanda árin 1888—1891. Samkvæmt viðskiptabók, sem áfrýjandi hefur sjálfur framlagt (nr. 12 í undirjettargjörðunum), hefur Endresen skuldað honum 23. okt. 1887 220 brauð, en þessi 220 brauð hefur áfrýjandi síðan úttekið á tímabilinu til 9. marz 1888, og verður eigi betur sjeð, en að hlutaðeigendur þá hafi verið reikningslega kvittir. Frá því 10. marz 1888 til 21. apríl 1891 hefur áfrýjandi eptir sömu viðskiptabók tekið út 2402 brauð, og verður það í peningum . kr. 1037,23 þegar 44 brauð eru talin fást úr hverjum sekk, verðið á mjölsekknum talið 15 kr., og bökunarlaun pr. sekk 4 kr., en þetta verðlag virðast málspartar vera sammála

(fluttar) kr. 1037,23

um, að rjett sje. Upp í þetta hefur áfrýjandi samkvæmt viðskiptabókinni borgað til 9. júlí 1891 kr. 260 + kr. 225 + kr. 100 + kr. 50 + kr. 22,23 = kr. 657,23

Ennfremur innlagt 29. ágúst 1888 20 sekki af mjöli, sem eptir ofansögðu reiknast á 15 kr. hver = — 300,00 kr. 957,23

Verður þá mismunurinn . . . . . kr. 80,00 sem áfrýjandi eptir þessari viðskipta- eða kvittunarbók hans virðist skulda stefnda, og eru það einmitt bókunarlaun af þeim 20 pokum rúgmjöls, sem áfrýjandi lagði inn hjá Endresen 29. ágúst 1888. Áfrýjanda hefur eigi tekizt að sanna, að hann hafi borgað þessar 80 kr., og er það nægilega útlistað í undirrettardómnum, að því er snertir sönnunargögn þau, sem þá voru framkomin, en þar sem hann nú ennfremur fyrir yfirdóminum hefur lagt fram reikning, dagsettan  $3\frac{1}{12}$  1888 og undirskrifaðan af O. S. Endresen, yfir »Bagerlön af 20 Sække Mel Kr. 80,00«, og á þennan reikning er skrifað orðið »betalt«, þá hefur Endresen afdráttarlaust neitað því, að hann eða nokkur með hans umboði hafi ritað þetta orð »betalt« á reikninginn, sem hann annars kannast við að hafa gefið út. Með því að áfrýjandi, sem framlagði þennan reikning mjög seint undir rekstri málsins, eigi hefur getað staðhæft, hver ritað hafi orðið: „betalt“ á hann, en það er augljóslega ritað með annari hendi en reikningurinn sjálfur, sem tjáist skrifaður af Endresen, verður Endresen eigi fyrir lagður synjunareidur aðlútandi þetta málsatvik, og með því að áfrýjanda eigi heldur eptir málavöxtum verður heimilað að staðfesta með eidi framburð sinn um kvittunina á reikningnum,

— getur hún alls eigi komið til greina við úrslit máls-  
 þessa. Samkvæmt hinu framanritaða þykir það því  
 rjett, að undirdómurinn hefur tekið til greina kröfu hins  
 stefnda í máli þessu, og með því að einnig verður að  
 fallast á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber  
 að staðfesta hann í heild sinni. Eftir þessum úrslitum,  
 málsins virðist áfrýjandi eiga að greiða hæfilegan máls-  
 kostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr. Það er eigi  
 nægileg ástæða til þess að gefa gaum kröfu stefnda um  
 ómerking meidyrða og sektardóm fyrir þau.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýj-  
 andi Ólafur Þórðarson greiði stefnda, Lárusi Bjarna-  
 son fyrir hönd O. S. Endresens 15—fimmtán—  
 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum  
 ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans  
 undir aðför að lögum.

Nr. 35/1891:

Páll Einarsson fyrir hönd  
 þjóðjardarinnar Brekku  
 gegn  
 Magnúsi Jónssyni  
 eiganda Kleppjárnsstaða.

D ó m u r:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki  
 milli þjóðjardarinnar Brekku og Kleppjárnsstaða, þar  
 sem báðar jarðir vilja eiga engjastykki nokkuð, sem tal-  
 ið er þrætuland í jarðabókinni frá 1861. Mál þetta